

Borgarstjórn
5. febrúar 2019

Tillaga borgarfulltrúa Sósíalístaflokks Íslands um styrkveitingu til Félags leigjenda hjá Félagsbústöðum

Borgarstjórn samþykkir að fela velferðarsviði að hefja viðræður við Félag leigjenda hjá Félagsbústöðum um styrkveitingu utan umsóknartíma. Félagið er tiltölulega nýtt og leitast við að ná til leigjenda Félagsbústaða og heyra raddir þeirra. Helsta starfsemin hefur farið fram í gegnum samfélagsmiðla, félagafund og á stjórnarfundum. Til þess að félagið geti sinnt markmiðum sínum um að ná til leigjenda hjá Félagsbústöðum, þurfa þau á fjárstuðningi á að halda til að gera félagið sýnilegra.

Greinargerð:

Félag leigjenda hjá Félagsbústöðum var stofnað í október 2018 og er aðili að Samtökum leigjenda á Íslandi. Hagsmunafélagið sinnir ýmsu er varðar málefni leigjenda hjá Félagsbústöðum. Félagið hefur t.a.m. tekið á móti upplýsingum frá leigjendum og aðstoðað við að koma þeim í réttan farveg, veitt upplýsingagjöf og haldið utan um samræðuvettvang leigjenda á samskiptamiðlum. Félagið sinnir mikilvægu hlutverki í því að ná röddum leigjenda hjá Félagsbústöðum saman og halda utan um málefni sem þau telja að þurfi að brýna fyrir Félagsbústöðum og/eða velferðarsviði. Til að sinna hagsmunagæslu leigjenda í þörf fyrir félagslega leiguíbúð, eru aðilar á biðlista eftir slíkri íbúð hjá borginni einnig velkomnir í félagið. Þetta er mikilvægur vettvangur sem heldur utan um ýmis viðkvæm mál og mikilvægt er að styrkja félagið til að auka hag leigjenda hjá Félagsbústöðum. Félagið hefur m.a. áhuga á að halda fundarröð innan ólíkra hverfa borgarinnar til að leitast við að ná til leigjenda hjá Félagsbústöðum.